

Mál nr. 112/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20. mars 2025.
2. Bréf V1 dags. 3. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V1 dags 11. apríl 2025
5. Bréf V2 dags. 16. apríl 2025 ásamt fylgiskjölum.
6. Viðbótarathugasemdir M dags. 28. apríl 2025.

Málsatvik.

Hinn 2. febrúar 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M, á Öxnadalshéið. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu sök skyldi skipt til helminga þar sem ósannað væri um staðsetningu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M fellir sig ekki við þau málalok og krefst þess að öll sök á árekstrinum verði felld á ökumann A.

Í bréfi V1, sem á tjónsdegi var vátryggjandi A, til nefndarinnar, kemur fram að aðilar hafi gert sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi og hafi þeir báðir hakað við að þeir hafi farið inn á öfugan vegarhelming. Þeirri tjónstilkynningu hafi eigandi A ekki skilað til V1 fyrr en 21. júní 2024. Áður hafi M skilað inn tjónstilkynningu til V2 sem ekki hafi verið í samræmi við tjónstilkynningu ökumanns A, þar sem aðeins hafi verið hakað við að A hafi farið yfir á öfugan vegarhelming. Bakhlið þeirrar tilkynningar sé að hluta til eins og sú sem fylgt hafi tjónstilkynningu sem send var V1, nema hvað því hafi verið bætt við að A hafi verið ekið yfir á öfugan vegarhelming. Sú staðhæfing hafi ekki verið á bakhlið þeirrar tjónstilkynningar sem eigandi A hafi sent V1 og bar með sér að vera yfirlýsing M um atvik. Ekki verði fullyrt um ástæður framangreinds misræmis, en svo virðist sem aðilar hafi skrifað undir tjónstilkynningar og svo fyllt þær út hvor í sínu lagi eftir á. Verði því ekki byggt á því að um sameiginlegar framhliðar tjónstilkynninga sé að ræða. Báðir ökumenn saki hinn um að hafa ekið á öfugum vegarhelmingi og gögn málsins beri ekki með sér sönnun um stöðu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs. Sé því rétt að skipta sök til helminga.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi skilað inn sínu eintaki af tjónstilkynningu eins fljótt og unnt var. Hann hafi bara skilað inn einu eintaki af bakhlið tjónstilkynningarinnar, þar sem frekari lýsing á málavöxtum komi fram, og sé það eintak undirritað. Önnur eintök og útgáfur tjónstilkynninga séu honum óviðkomandi. Ökumaður A hafi hins vegar ekki sent tjónstilkynningu fyrr en tæpum fimm mánuðum eftir slysið og hafi bakhlið hennar verið undirrituð enn síðar, eða 1. júlí 2024, þ.e. eftir skil hennar til V1. Greinilegt sé að í þeirri útgáfu hafi einhver, annar en M, hakað við að B hafi verið á röngum vegarhelmingi. M sjálfur hefði aldrei skrifað undir slíka staðhæfingu enda sé hún röng. Ökumenn hafi þá í sameiningu fyllt út rétta tjónstilkynningu og sé ófært ef byggt verði á síðari viðbótum ökumanns A við hana. Eftir að M hafi tilkynnt um atvikið til V2 hafi V1 þá lýst þeirri afstöðu að miðað við tjónstilkynninguna sem þá lá fyrir væri B í rétti. Hinn 12. febrúar hafi V1 tilkynnt M að það teldi ökumann A bera ábyrgð á árekstrinum og mundi því bæta tjónið. Ný gögn sem stafi frá ökumanni A hafi því verið of seint fram komin, enda hafi liðið margir mánuðir frá viðurkenningu V1 á bótaskyldu og þar til ný tjónstilkynning barst því. Ökumaður hafi því bæði breytt undirritaðri tjónstilkynningu og eins dregið um marga mánuði að senda hana og engar skýringar á þeirri háttsemi liggi fyrir.

Í viðbótarathugasemdum V1 eru áður greindar röksemdir áréttaðar. Er þá vísað til þess að við viðurkenningu á bótaskyldu sé gerður fyrirvari um að V1 áskilji sér að breyta ákvörðun um sakarskiptingu komi ný gögn fram eða komist nefndir eða dómstólar að annarri niðurstöðu um sakarskiptingu.

Í bréfi V2, sem á tjónsdegi var vátryggjandi B, til nefndarinnar er tekið undir ítarlegan rökstuðning í málflutningi M. Sérstakleg er vakin athygli á því að M segist aldrei hafa ekið yfir á öfugan vegarhelming eða of nálægt miðlínu vegar. Ökumaður A viðurkenni hins vegar að hafa farið yfir á öfugan vegarhelming, og með því ekki gætt nægilega að ákvæði 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekki hafi tekist að færa sönnur á að M hafi gert slíkt hið sama. Af framansögðu megi telja sannað að ökumaður A hafi ekið yfir á rangan vegarhelming í aðdraganda áreksturs og sé því rétt að hann beri alla sök á umræddum árekstri.

Álit.

Fyrirliggjandi er framhlið þeirrar tjónstilkynningar sem V1 barst frá ökumanni A. Er hún undirrituð af báðum aðilum. Er hakað við að bæði A og B hafi farið inn á öfugan vegarhelming. Spurningunni „hve margir reitir eru merktir“ er hins vegar ósvarað. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir ökumaður A atvikum svo að mjög blint hafi verið á vettvangi og skyndilega hafi B komið á öfugum vegarhelmingi og ekki náð að sveigja frá A svo árekstur varð. Fyrirliggjandi er einnig framhlið þeirrar tjónstilkynningar sem V2 barst frá ökumanni M. Er hún undirrituð af báðum aðilum. Er hakað við að A hafi farið inn á öfugan vegarhelming en ekki er hakað við neitt vegna ökutækis B. Spurningunni „hve markir reitir eru merktir“ er ósvarað. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsti M atvikum svo „Framhorn A rakst á afturhorn B í slæmu skyggni. A fór yfir á öfugan vegarhelming.“

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki fullyrt um hverju ofangreint misræmi á framhliðum tjónstilkynninga sætir en ljóst er að þær eru ekki eins. Þá virðast báðir ökumenn í sjálfstæðum lýsingum á bakhlið tjónstilkynninga byggja á því að meginorsök árekstursins sé sú að hinn aðilinn hafi ekið eftir röngum vegarhelmingi. Lögregla var ekki kölluð á vettvang, né eru fyrirliggjandi neinar ljósmyndir af vettvangi er gætu auðveldað nefndinni að átta sig á aðdraganda árekstursins.

Eins og mál þetta liggur fyrir treystir nefndin sér því ekki til að fullyrða hver afstaða bifreiðanna hafi verið í aðdraganda áreksturs. Eru því ekki efni til að leggja sök á annan ökumanna umfram hinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir